

Erindi íbúa í hverfinu, Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur dags. 5. maí 2021, um málefni Haðarstígs og nágrennis

Góðan daginn,

Við í Hollvinum Litla-Garðs, íbúasamtökum Haðarstígs og nágrennis, endursendum nú í viðhengi bréf frá því í nóvember 2019 um endurnýjun Haðarstígs. Svörin sem við fengum þá voru að ekki hafi verið hætt við framkvæmdir, heldur hafi þeim verið frestað. Í dag er okkur sagt að þetta hafi verið „lagt til hliðar“.

Þetta varðar öryggi íbúa og er sannarlega hvorki nýtt af nálinni né dekurverkefni. Á þessu ári og því síðasta hafa íbúar þurft að mæta vatnstjóni sem orðið hefur vegna flóða inn í hús af götunni. Undirlagið er ónýtt og er einnig er farið að þrýsta þungt á útitröppur húsa. Einnig er vert að minna á hættuna sem skapaðist þegar eldur kom upp við eitt húsið 2019.

Þolinmæði okkar er á þrotum og við óskum eindregið eftir EFTIRFYLGNI frá ykkur, kæru kjörnu borgarfulltrúar.

Auk bréfsins er í viðhengi mynd af stagbættum stígnum. Vilborg Halldórsdóttir, íbúi hér tók hana á þessu ári, 2021.

Með fyrirfram þökk,
Halla Sólveig Þorgeirsdóttir
Haðarstíg 2, 101 Reykjavík

